

Starfshópur í ensku – Skýrsla

Inngangur

Fyrir dyrum stendur að endurnýja kjarnaefni í ensku fyrir miðstig. Frá árinu 1999 hefur efnið *Portfolio* verið til úthlutunar. Það er gefið út með leyfi Liber. Enskuefnið *Action* var gefið út 2011 til að brúa bil sem varð í efsta bekk miðstigs þegar enska var færð neðar við endurskoðun aðalnámskrár 2007.

Í október 2012 var leitað til Félags enskukennara um tilnefningu fulltrúa til setu í starfshópi kennara og sérfræðinga til að leggja á ráðin um val eða gerð á nýju efni. Félagið bauðst til að senda stafræna fyrirspurn til allra félagsmanna á póstlista. Það var ekki þegið þar sem ritstjóri og útgáfustjóri mátu það svo að óheppilegt væri að senda á svo fjölmennan hóp því það yki líkur á að framboð af fólki yrði meira en þörfin. Leitt væri að þurfa að hafna áhugasömu fólki. Af þessum sökum var leitað til kennara sem vitað er að eru virkir innan Félags enskukennara og með mikla reynslu af enskukennslu. Að auk var leitað til sérfræðings í enskukennslu sem starfar innan kennaramenntunar.

Starfshópurinn skipuðu:

Lilja Margrét Möller enskukennari í Vesturbæjarskóla
Renata Emilsson Pešková enskukennari í Hlíðaskóla
Samúel Lefever lektor við menntavísindasvið Háskóla Íslands

Verkefni

Verkefni hópsins var að vera ráðgefandi í tengslum við val á gerð og útfærslu efnis til enskukennslu í fjórða til sjötta bekk. Spurningar sem hópurinn hafði til hliðsjónar:

- Hvers konar efni á að taka til útgáfu?
- Aðkeypt og þýtt gefið út með leyfi annars útgefanda eða frumsamið efni?
- Hvers konar form á að vera á efninu?
- Hefðbundið, þ.e. textabók, vinnubók, kennsluleiðbeiningar, hlustunarefni?
- Eða öðruvísi – og þá hvernig?
- Hver eru áhugaverð þemu sem ætti að fjalla um í efninu?
- Vinnu- eða verkefnabækur – hvernig ættu þær að vera?

Fundir

Hópurinn hittist á tveimur fundum. Fyrri fundurinn var 20. nóvember 2012. Sá síðari 18. desember. Hér á eftir birtast samþykktar fundargerðir frá þessum fundum.

Fundur í starfshópi um ensku

Fyrsti fundur hópsins haldinn 20. nóvember 2012 kl. 15 í húsnaði

Menntavísindasviðs HÍ

Fundinn sátu: Lilja M. Möller, Renata Emilsson Pešková Samúel Lefever og Aldís Yngvadóttir sem ritaði fundargerð.

Frá árinu 1999 hefur kjarnaefnið *Portfolio* verið til úthlutunar á miðstigi. Það er því tímabært að huga að endurnýjun efnis. Verkefni starfshóps í ensku er að vera ráðgefandi í tengslum við val á gerð og útfærslu efnis til enskukennslu í fjórða til sjötta bekk. Spurningar sem hópurinn lagði upp með og ræddi á fundinum voru eftirfarandi:

- Hvers konar efni á að taka til útgáfu?
- Aðkeypt og þýtt gefið út með leyfi annars útgefanda eða frumsamið efni?
- Hvers konar form á að vera á efninu?
- Hefðbundið, þ.e. textabók, vinnubók, kennsluleiðbeiningar, hlustunarefni?
- Eða öðruvísi – og þá hvernig?
- Hver eru áhugaverð þemu sem ætti að fjalla um í efninu?
- Vinnu- eða verkefnabækur – hvernig ættu þær að vera?

Samantekt á hugmyndum og vangaveltum sem fram komu í umræðum út frá spurningum hér að framan:

- Frekar frumsamið efni en aðkeypt
- Textabók er nauðsynleg, með misþungum textum, t.d. ein bók fyrir hvern árgang (4.–6. bekk)
- Ekki samdóma álit um hvort vera eigi vinnubækur með eyðufyllingum eða ekki
- Jákvætt að hafa fjölbreytt verkefni í textabók sem vinna á í stílabók
- Kennsluleiðbeiningar eiga m.a. að innihalda útfærslur á verkefnum og hugmyndabanka fyrir heimavinnu
- Hafa vefsíðu sem tengist efninu sem inniheldi m.a. gagnvirkar æfingar
- Story-line – hugmynd að slíkri útfærslu á vef eða í klb.
- Efnið þarf að tengjast reynsluheimi og höfða til aldurs þeirra og þroska, sbr. að nemendur læra best þegar efnið tengist þeim sjálfum
- Dæmi um efnistöð við hæfi væru, áhugamál, skólinn, fyrirmyndir, fánar o.fl.
- Gott að setja nemendur í hlutverk til að fá þá til að tala – taka viðtal – vera e-r frægur o.s.frv.
- Hvernig er best að auka orðaforða?
- Valverkefni úr textum
- Gott að verkefni séu einnig sjálfstæð, þ.e. tengist ekki textum í lesbók
- Námsmat – hvernig?

Næsti fundur var ákveðinn þriðjudaginn 11. des. kl. 15 hér í Víkurhvarfi 3.

Þá heldur umræðan áfram og skoðuð verða sýnishorn af námsefni frá nokkrum útgefendum.

Fundur í starfshópi um ensku

Fundur haldinn 18. desember kl. 15 2012 í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ

Fundinn sátu: Lilja M. Möller, Renata Emilsson Pešková Samúel Lefever og Aldís Yngvadóttir sem ritaði fundargerð.

1. Byrjað var á að skoða það enskuefni sem er til dreifingar nú fyrir yngsta og miðstig (*Portfolio*, *Adventure Island for English Words*, *Hickory, Dickory* og *Dock*). Hópurinn var sammála því að æskilegt væri að halda áfram dreifingu á Topic bókum sem fylgja *Portfolio*-efninu, alls átta titlar. Eins væri gott að hafa áfram aðgang að *Hickory, Dickory* og *Dock*-heftum. Ýmsar skoðanir á ólíkum titlum *Portfolio*-flokksins komu fram og þóttu nemendabækurnar misgóðar. *Speak Out* t.d. góð en *Build Up* 1 og 2 of málfræðimiðaðar.
2. Næst var enskuefni frá nokkrum erlendum útgefendum skoðað. Fyrst *Spotlight* frá Svíþjóð. Sá flokkur er í boði á unglingastigi og hefur verið mjög vel tekið. Miðstigsefnið þótti samt samhengislaust á köflum. Síðan var skoðað efni frá Færeyjum, *Mandy at home* fyrir 5. bekk og *Mandy on holiday* fyrir 6. bekk. Það þótti ekki nógu lifandi né spennandi þó að ýmislegt væri ágætt, sérstaklega í kennsluleiðbeiningum. Loks var breskt efni skoðað (*Incredible English* og *Magic Time*) sem þótti ekki standast

samanburð við það útlit og þá umgjörð sem íslenskir nemendur og kennarar eru orðnir vanir í tungumálaefni.

3. Haldið var áfram með umræðu frá síðasta fundi um hvers konar efni ætti að gefa út og dreifa. Hópurinn var samdóma í áliti sínu um að heppilegast væri að frumsemja enskuefni. Ýmsar hugmyndir komu fram og bent á að nokkur vandi fælist í því að byrjendur í ensku eru á talsvert breiðu aldursbili þar sem nokkuð misjafnt er milli skóla hvenær byrjað er að kenna ensku. Enda býður aðalnámskrá upp á sveigjanleika í þeim efnum. Hópurinn taldi að forðast ætti að búa til eyðufyllingarefni í vinnubókum. Eyðufyllingar ættu þó rétt á sér í gagnvirkum efni. Þá var einnig rætt um að taka þyrfti mið af því við gerð efnisins að kennarar væru í fæstum tilvikum sérmenntaðir í kennslu annars máls heldur væru í flestum tilvikum umsjónarkennarar.
4. Sú hugmynd sem varð ofan á hjá hópnum var að samin yrði hugmyndabók fyrir kennara með þemum til að vinna út frá. Sú bók ætti að henta bæði til kennslu í 3. og 4. bekk. Henni fylgdu ein til tvær textabækur og hlustunarefni. Verkefni yrðu alfarið unnin í stílabækur. Þannig mætti leggja ríkari áherslu á sköpun nemenda við úrlausn verkefna. Mikilvægt að þemu tengdust áhugsviði þessa aldurs og eins öðrum námsgreinum. Talið að tíu þemu væri passlegt fyrir einn árgang. Í 5. og 6. bekk sá hópurinn fyrir sér að samið yrði efni svipað að gerð og sniði og *Action* en með styttri textum.
5. Nokkur atriði til viðbótar sem bent var á og gætu nýst við gerð kennarabókar:
 - Myndasögur höfða vel til margra nemenda, sérstaklega stráka.
 - Nota má hluti í kennslunni til að tala og vinna út frá.
 - Samræður og tjáning er mikilvægur færniþáttur sem þarf að leggja áherslu á.
 - Nota má hatta sem nemendur setja upp til að fá þá til að tjá sig.
 - Hafa verkefni þannig að sköpunargáfa nemenda fái notið sín, t.d. búa til myndasögu, búa til bók o.fl.
 - Ísbrjótur, leikir og spil eru góðar aðferðir í kennslu.

Niðurstöður

Tillögur enskuhópsins gera ráð fyrir að frumsamið verði nýtt enskuefni fyrir þriðja til sjötta bekk.

Ýmsar hugmyndir voru ræddar á fundum hópsins en niðurstöður hans í hnotskurn voru þessar:

- Fyrir 3. og 4. bekk yrði samin hugmyndabók ætluð kennurum sem byggðist upp á þemum. Ein til tvær textabækur fylgdu auk hlustunarefnis/hljóðbóka. Engar verkefnabækur heldur yrði gert ráð fyrir vinnu í stílabækur.
- Fyrir 5. og 6. bekk yrði samið efni að svipaðri gerð og *Action* en með styttri textum.
- Sjá nánari ábendingar hópsins í fundargerðum hér að framan.

Kópavogi, 14. janúar 2013

Aldís Yngvadóttir, ritstjóri